

NORRÆNN RITHÖFUNDASKÓLI FYRIR UNGLINGA 2018



30. júlí - 4. ágúst fyrir ungmenni á aldrinum 15 til 18 ára
Lýðháskólinn Nordens folkhögskola á Biskops-Árnö í Svíþjóð býður ungmönnum frá öllum Norðurlöndum að taka þátt í Norrænum rithöfundaskóla fyrir unglunga. Námskeiðið er ókeypis og undir handleiðslu sjö norrænna rithöfunda sem sjá til þess að vikan sé hlaðin lestri, skriftum og samræðum um texta auk nýrra kynna.

Þetta er einstakt tækifæri fyrir alla sem hafa áhuga á skrifum og langar til að kynna öðrum með sömu drauma og áhugamál. Umsóknarfrestur er til 15. apríl.

UM RITHÖFUNDASKÓLANN

Ída Linde og Athena Farrokhzad, rithöfundar, þýðendur, gagnrýnendur og kennarar við Norræna rithöfundaskólann á Biskops-Árnö munu bera ábyrgð á innihaldi námskeiðsins. Þau kenna jafnframt við Rithöfundaskólann út vikuna ásamt fimm öðrum rithöfundum frá norræna tungumálasvæðinu.

Rithöfundarnir sjö munu miðla reynslu sinni og þekkingu og miða dagskrá vikuinnar við reynslu og kunnáttu þátttakendanna. Kennslan og samtölin fara fram á skandinavísku og ensku. Þar sem kennslan fer fram á mismunandi tungumálum með stuðningi enskunnar getur maður bætt sig í að skrifa fagurfræðilega texta á móðurmáli sínu, en ekki síður ætti kunnáttan í skandinavísku tungumálunum að aukast í samtölum um bókmenntir.

Á dagskrá eru ýmis konar ritæfingar til að prófa sig áfram, ýmist með öðrum eða hver fyrir sig. Einstakar bókmenntafræðigreinar verða kannaðar nánar í nokkrum kennslustundum. Á kvöldin verður svo hægt að lesa upp fyrir hvert annað í Biskops eldhúsinu.

Samtalið um textana er mikilvægasti tími vikuinnar og byggir á langri hefð í norrænu rithöfundakennslunni. Það er aðferð til lestrarskilnings sem hjálpar manni við að lesa sinn eigin texta, og það er ein helsta leiðin til að bæta sig sem rithöfundur.

TÓMSTUNDIR

Utan kennslustunda má finna sér margt til afþreyingar. Hægt er að synda í Mälaren stöðuvatninu, fara í gufubað, spila fótbolta, kubb eða aðra leiki. Svo er líka hægt að róa í kanó, ganga um í skóginum eða þjálfa sig í leikfimisálfnum.

Í skólanum er líka einstakt norrænt bókasafn sem er opið allan sólarhringinn með bókmenntum frá öllum Norðurlöndunum. Þátttakendur í rithöfundaskólanum munu geta nýtt sér safnkostinn til að sökkva sér niður í norrænar bókmenntir.



BAKGRUNNUR

Biskops-Ärnö byggir á áralangri hefð sem fundastaður fyrir norræna rithöfunda. Við höfum skipulagt bókmenntaráðstefnur og fundi allt frá árinu 1960. Norræni rithöfundaskólinn á heima á Biskops-Ärnö og margir af þekktustu norrænu rithöfundum dagsins í dag hafa verið á námskeiðum á Biskops-Ärnö.

TÍMASETNING, STAÐUR OG FERÐ

Tími: 30. júlí– 4. ágúst 2018

Staður: Norræni rithöfundaskólinn á Nordens folkhögskola Biskops-Arnö, við Mälaren stöðuvatnið í Bålsta (u.þ.b. 60 km frá Stokkhólmi)



Biskops Arnö
746 93 BÅLSTA
SVERIGE

Hér má finna vegvísi og kort:

www.biskopsarno.se/vagbeskrivning

Ferð: Ferðin til Biskops Arnö er þátttakendum að kostnaðarlausum. Ferðaskrifstofan Winslow Travel mun hafa við þá samband og bóka flugfarið. Leigubílar flytja þátttakendur frá flugvelli að skóla.

MARKHÓPUR

Ungmenni á aldrinum 15 til 18 ára frá öllum Norðurlöndum.

UMSÓKNARTÍMABIL

Síðasti dagur til að skila inn umsókn: 15. apríl 2018

Umsóknin þarf að innihalda:

- 1-2 síðna A4 texta sem þú hefur skrifað sjálf/ur. Má vera á íslensku. Þema textans: „Ég – rithöfundur“
- Nafn
- Heimilisfang
- Símanúmer
- Netfang
- Nafn foreldris (ef þú er ekki orðin/n 18 ára)

Sendu umsóknina til:

nffu@biskopsarno.se

Kennararnir við Rithöfundaskólann fyrir ungmenni velja út þátttakendurna á grunni umsóknanna sem berast.

ÓKEYPIS AÐ TAKA ÞÁTT

Þátttaka í Rithöfundaskólanum er ókeypis. Kennsla, ferða- kostnaður, matur og gisting er greidd af áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um barna- og unglingsbókmenntir. Það eina sem þú þarft eru vasapeningar. Þú bókar og greiðir sjálf/ur ferðina til og frá skólanum og færð kostnaðinn svo endurgreiddan gegn framvísun kvittana.

Einnig má senda fyrirspurn til:

nffu@biskopsarno.se

<http://www.biskopsarno.se/forfattarskolan-for-unga-2018/>